

Nd. **486. Frumvarp til laga** [19. mál]
um dómvexti, viðauki við lög nr. 85 23. júní 1936, um meðferð einkamála í héraði.

(Eftir 2. umr. í Nd., 26. mars.)

1. gr.

Á tímabilinu frá stefnubirtingu til greiðsludags í dómsmáli skal dómari ákveða, að kröfu stefnanda, að vexlir af dómkröfu séu eigi lægri en nemur hækkun byggingarvísitölu eða annarri sambærilegri viðmiðun, sem taki sem fyllst tillit til varðveislu á verðgildi fjármagns.

Dómara er þó heimilt að gera frávik frá þessari reglu ef atvik þau, sem getið er um í 1. og 3. tl. 2. mgr. 177. gr. laga nr. 85/1936, eiga við um stefnanda eða ef tekið hefur verið tillit til verðbólgu á ofangreindu tímabili við endanlega kröfugerð í málinu. Sama gildir í útivistarmálum, ef stefndi skilaði ekki greinargerð.

2. gr.

Lög þessi taka gildi nú þegar.